

Þá greiði og kærðir allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns fyrir réttinum, Lárusar Fjeldsted hrm., er ákveðast kr. 75.00.

Málið hefir verið rekið vítalaut.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Friðrik Jónas Eiríksson, greiði 20 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Kærður, Hólmjárn J. Hólmjárn, greiði 20 króna sekt til ríkissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 2 daga.

Ákærður Friðrik Jónas og kærður Hólmjárn greiði landssíma Íslands in solidum kr. 849.62, ásamt 6% árs-vöxtum frá 7. des. 1935 til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þeir greiði loks in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm., kr. 75.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 15. júní 1938.

Nr. 96/1937. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)

gegn

Albert Ernest Thompson

(Lárus Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, og að því athuguðu, að gullgengi íslenzkrar krónu er nú 49.35, þá þykir mega staðfesta dóminn, þó með þeirri breytingu, að kærður

afpláni sekt sína með 7 mánaða einföldu fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum málalokum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 200 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó svo, að kærður, Albert Ernest Thompson, afpláni sektina með 7 mánaða einföldu fangelsi, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 200 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Akureyrar 1. júlí 1937.

Mál þetta er höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn skipstjóra Albert Ernest Thompson á togaranum H. 69 St. Gerontius frá Hull fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 5 frá 18. maí 1920, um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi.

Málavextir eru þessir: Varðskipið Ægir var 29. f. m. á leið frá Flatey austur yfir Skjálfandaflóa. Kl. 21.10 sást togari í stefnu utan við Mánaeyjar. Kl. 21.22 var vélin stöðvuð og haft nákvæmt auga með togaranum, þar eð hann hafði alltaf sömu stefnu og nálgast landið.

Kl. 22.15 gerði varðskipið eftirfarandi staðarákvarðanir:

N. kantur Háey

> 29° 29'

Tjörnesviti

> 81° 23'

A. kantur Lundey

Frá þessum stað og góðri stundu áður var togarinn að sjá rétt innan um Háey og stýrði ávallt því nær sömu stefnu.

Kl. 22.24 fór varðskipið í fárra metra fjarlægð fram hjá afturstafni togarans, og þegar að það var í skrúfuvatni hans, var bauju akkeri látið út, og eftirfarandi staðar-ákvörðun gerð:

N. kantur Háey

> 40° 50'

Tjörnesviti

> 91° 33'

A. kantur Lundey

Dýptin við baujuna var mæld 157 metrar, og gefur það stað hennar 0.25 sjómilur innan landhelgislinunnar.

Eftir að baujan var lätin út nam togarinn staðar og tók að draga inn stjörnbörðsvörpuna.

Kærði, skipstjórinn á togaranum, hefir kannazt við, að hann hafi verið samkvæmt mælingum þeim, sem varðskipið hefir framkvæmt á sama korti, innan landhelgislinunnar, en hann vísar til þeirra mælinga, sem hann hefir gert samkvæmt sínu eigin korti, réttarskj. 3, en þær segir hann, að sýni, að hann hafi verið utan landhelgislinunnar. Skipstjórinn á Ægir hefir sett út sínar hornmælingar, sem tilgreindar eru kl. 22.24 í skýrslu varðsupsins, á sjókorti togarins, réttarskj. 3, og sýni þær, að samkvæmt þeim er togarinn 3 sjómilur frá landi, en kærði vísar til sinna eigin mælinga, sem einnig hafi verið útsettar í kortið, réttarskj. 3, og samkvæmt þeim segist hann hafa verið 3¼ sjómilu frá landi. Skipstjórinn á Ægir hefir lýst því yfir, að hann segi ekki, að mælingar skipstjórans séu skakkar, en ægir, að þær séu ekki gerðar með eins mikilli nákvæmni og sínar mælingar.

Það er auðsætt, að ræða er um mismun á kortunum, og

litur rétturinn svo á, að fara verði eftir korti, sem skipstjórinn á Ægi hafði, en samkvæmt því hefir þá skipstjórinn á togaranum gerzt brotlegur við fiskilöggjöfina, en hinsvegar ber að líta svo á, með tilliti til þeirra mælinga, sem gerðar hafa verið samkvæmt hans korti, að hann hafi haft ástæðu til að ætla, að hann hafi verið fyrir utan landhelgina, og ber að taka tillit til þess, þegar hegningin er ákveðin.

Samkvæmt framanskráðu verður ekki hjá því komið að láta kærða sæta ábyrgð fyrir brot á 1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920, og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið með tilliti til þess, sem sagt er hér að framan, og með tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot að ræða, og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 49.19, hæfilega ákveðin krónur 20.350.00, sem að rennur til landhelgisjóðs Íslands og greiðist innan 4 vikna, en fáist sektin ekki greidd, ber kærða að afplána hana með einföldu fangelsi í 10 mánuði. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir og svo og afli innanborðs í áður greindum togara, vera upptækt, og andvirðið að renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem er og verður. Það vottast, að á málinu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, skipstjóri Albert Ernest Thompson Hull, á innan 4 vikna að greiða sekt, að upphæð kr. 20.350.00, sem rennur til landhelgisjóðs Íslands, en afplána hana með 10 mánaða einföldu fangelsi, fáist hún eigi greidd.

Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innan borðs í togaranum H. 69 Gerontius frá Hull, vera upptækt og andvirðið renna í landhelgisjóð. — Auk þess greiði kærði allan kostnað af málinu, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.